

## Skýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2003

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið.

Forstöðumaður Hafréttarstofnunar í hlutastarfi er Tómas H. Heiðar sem er jafnframt þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu. Stjórn stofnunarinnar skipa Sverrir Haukur Gunnlaugsson formaður og Magnús K. Hannesson af hálfu utanríkisráðuneytisins, Kolbeinn Árnason og Stefán Ásmundsson af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins og Eiríkur Tómasson og Björg Thorarensen af hálfu Háskóla Íslands.

Hafréttarstofnun varð árið 2002 aðili að Ródos-akademíunni í hafrétti sem gengst fyrir þriggja vikna sumarnámskeiði á þessu sviði ár hvert. Framlag Hafréttarstofnunar til Ródos-akademíunnar hefur verið þríþætt: Í fyrsta lagi hefur forstöðumaður stofnunarinnar verið á meðal fyrirlesara á námskeiðinu, í öðru lagi veitir stofnunin nokkrum Íslendingum, einkum lögfræðingum og laganemum, styrki til þátttöku í námskeiðinu og í þriðja lagi veitir stofnunin nokkrum erlendum einstaklingum, einkum frá þróunarríkjum, hlutastyrki til þátttöku í námskeiðinu. Á árinu 2003 hlutu lögfræðingarnir Ágúst Orri Sigurðsson, starfsmaður Eimskipafélags Íslands, Guðríður Margrét Kristjánsdóttir, starfsmaður sjávarútvegsráðuneytisins, og Sigurður Örn Guðleifsson, starfsmaður Umhverfisstofnunar, styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar.

Hafréttarstofnun auglýsir í upphafi hvers árs styrk til framhaldsnáms í hafrétti á næsta háskólaári. Styrk til framhaldsnáms í hafrétti á háskólaárinu 2003–2004 hlaut Telma Halldórsdóttir lögfræðingur, er stundar nám við Friðarháskólann í Kostaríka, og nam styrkfjárhæðin kr. 750.000.-.

Hafréttarstofnun Íslands gekkst ásamt Hafréttarstofnuninni við Háskólann í Virginíu fyrir alþjóðaráðstefnu um afmörkun landgrunnsins í Reykjavík dagana 25.-27. júní 2003 og var þar um langstærsta verkefni stofnunarinnar fram að þessu að ræða. Var ráðstefnan, sem haldin var í hátíðasal Háskóla Íslands, hin stærsta sinnar tegundar sem haldin hefur verið. Vakti ráðstefnan mikinn áhuga víðs vegar um heim og tóku alls um 170 sérfræðingar frá 50 löndum þátt í henni.

Á ráðstefnunni var einkum fjallað um lagalegar og vísindalegar hliðar ákvörðunar ytri marka landgrunnsins utan 200 sjómílna. Strandríki eiga samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna sjálfkrafa rétt til landgrunns að 200 sjómílum en geta við ákveðnar náttúrulegar aðstæður átt tilkall til víðtækari landgrunnsréttinda. Þegar svo háttar til ber viðkomandi strandríkjum að senda greinargerð til Landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna með ítarlegum upplýsingum um áætluð ytri mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna og ganga síðan endanlega frá afmörkun landgrunnsins á grundvelli tillagna nefndarinnar. Var eitt af markmiðum stofnananna tveggja með ráðstefnunni að auðvelda ríkjum heims að gera sér grein fyrir því hvort þau eigi hugsanlega tilkall til landgrunns utan 200 sjómílna og, ef svo er, að undirbúa greinargerð til Landgrunnsnefndarinnar.

Fyrirlesarar á ráðstefnunni voru fremstu sérfræðingar í heiminum, hver á sínu sviði. Í samræmi við viðfangsefnið voru þeir ýmist þjóðréttarfræðingar eða jarðvísindamenn og hið sama átti við um flesta þátttakendur í ráðstefnunni. Mikilvægt

er talið að byggja brú á milli þessara tveggja sérfræðihópa og var það eitt af markmiðum ráðstefnunnar.

Hafréttarstofnun Íslands bauð meðlimum Landgrunnsnefndarinnar, sem eru 21 að tölu, að sækja ráðstefnuna og þekktist þorri þeirra boðið. Jafnframt styrkti Hafréttarstofnun þátttöku fulltrúa ýmissa þróunarríkja í ráðstefnunni.

Var það almennt mat þátttakenda í ráðstefnunni að hún hefði verið sérlega vel heppnuð og árangursrík. Gert er ráð fyrir að allir fyrirlestrar, sem fluttir voru á ráðstefnunni, verði gefnir út í bók fyrri hluta ársins 2004.